

Sp. 568. Tillaga til þingsályktunar [208. mál]

um rannsókn á hveraleir, hveragufu og hveravatni til lækninga.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson, Sigurður Ó. Ólafsson.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðismálaráðherra að skipa þriggja manna nefnd til þess að rannsaka notkun á leir, gufu og heitu vatni í Hveragerði og þar í grennd til lækninga. Nefndin geri og tillögur og áætlanir um það helzta, er gera þarf í Hveragerði og nágrenni, svo að unnt sé að hefja þar starfsemi í þessum tilgangi, svo sem um lagningu leiðslna, er varða hollustuhætti í þorpinu (skolp-, vatns- og hitaleiðslna) og lagningu gatna. Enn fremur sé athugað skipulag þorpsins í samráði við skipulagsstjóra.

Nefndin skal þannig skipuð, að hreppsnefnd Hveragerðishrepps tilnefnir einn mann í nefndina, en heilbrigðismálaráðherra skipar tvo og sé annar þeirra formaður nefndarinnar.

Nefndin skili álitinu sínu til heilbrigðismálaráðherra fyrir árslok 1953.

Greinargerð.

Um það hefur oft verið rætt og ritað, að nota ætti hverahitann, gufuna, vatnið og leirinn, sem víða er fyrir hendi hér á landi, til lækninga á ýmsan hátt. Var fyrir nokkrum árum hafinn vísir að slíku í Hveragerði, og var að tilhlutun Jóhanns Sæmundssonar prófessors komið upp byrgi yfir leirböðin, en þangað sækja árlega margir og telja sig hafa gott af.

Á s. l. ári fékk Gísli Sigurbjörnsson forstjóri Elli- og hjúkrunarheimilisins Grundar hingað til lands sérfræðing á sviði baðlækninga, próf. dr. med. H. Lampert, til þess að athuga að nokkru möguleika á notkun hverahitans í lækningaskyni. Próf. Lampert taldi, að í Hveragerði væru alveg sérstaklega góð skilyrði til slíkrar starfsemi, og gerir hann grein fyrir þessu í álitargerð til heilbrigðismálaráðherra, en álitargerðin er prentuð hér á eftir í íslenskri þýðingu.

Í sambandi við Elli- og dvalarheimili Árnésinga, sem tók til starfa á s. l. ári, er fyrirhugað að koma upp sérstakri baðdeild að fyrirlagi próf. Lamperts, fyrir gigtveikt og lamað fólk, eftir því sem ástæður leyfa. Telur Gísli Sigurbjörnsson, sem sér um rekstur Elli- og dvalarheimilisins í Hveragerði, að nauðsynlegt sé, að gerð verði áætlun um, á hvern hátt sé hægt að nota hverahitann í lækningaskyni, og þá um leið að athuga og gera tillögur um, hvað gera þarf í Hveragerði eða nágrenni til þess að hægt verði að hefja þar rekstur baðlækningastöðvar í stærri stíl. Af þessum ástæðum er þingsályktunartillaga þessi fram komin, þar sem telja verður slíka athugun frumskilyrði frekari framkvæmda.

Fylgiskjal.

Þýðing.

ELLI- OG HJÚKRUNARHEIMILIÐ GRUND

Reykjavík, 8. sept. 1952.

Til herra heilbrigðismálaráðherra Steingrims Steinþórssonar,
Reykjavík.

Hæstvirtu herra ráðherra.

Áður en ég hverf aftur frá Íslandi, þykir mér viðeigandi að gefa yður stutta skýrslu um tilgang minn með dvöl minni og niðurstöður þær, sem ég hef komizt að, meðan á henni stóð, því að þær liggja innan verkahringis yðar.

Herra forstjóri Gísli Sigurbjörnsson hafði skorað á mig að rannsaka hinar heitu uppsprettur og hina heitu leðju á suðvestanverðu Íslandi með tilliti til þess, hvort þau væru nothæf fyrir lækna sem læknisdómar.

Af rannsóknum, viðræðum og eftirgrennslunum kom í ljós, að þér hafið yfir eftirfarandi jarðauðæfum til baðaðgerða í ríkum mæli að ráða:

1. Heitar uppsprettur:

Þær ætti að nota með yfirhitunarbaðshætti við gigt og fyrst og fremst til varnar gegn og meðferðar á mænuveiki, eins og ég ýtarlega hef lýst því í riti mínu „Yfirhitun sem læknisdómur“.

2. Heit leðja:

Hana má nota með frá 35 til 36 stiga hita C. sem alleðjubað. Sparlegra, hagænna og nytsamlegra er þó að nota hana sem mjög heitar umbúðir að nokkru leyti, eins og Fango (ítalska heitið á leðju G. J.) er notað hjá okkur í Þýskalandi.

3. Heit gufa:

Hana er hægt að nota staðbundið, t. d. við lendagigt (lumbago) og einnig við gigt. Samt má einnig nota hana til þess að hita upp kalt vatn, eins og gert er í Krýsuvík, ef heitar uppsprettur vantar.

4. Drykkjarlindir.

Uppspretturnar á láglendingu eru í öllu verulegu lútarsaltsuppsprettur (alkalískar uppsprettur) og hafa að geyma kísilsýru og brennistein og koma fyrst og fremst til greina til baðnota. Uppspretturnar á fjöllum eru hins vegar súrar ölkeldur og mjög lagaðar til drykkjarnota. Eina slíka uppsprettu fundum við í Henglinum í rannsóknarreiðtúr.

Til notkunar sem heilsubótarstaðir koma að minni hyggju tveir staðir til greina:

Hveragerði og Krýsuvík.

Af þessum tveim stöðum er Hveragerði hentugast vegna þess, að því er betur í sveit komið með tilliti til samgangna vegna hinna heitu uppsprettna þar, sem ekki þarf að hita fyrst eins og í Krýsuvík, svo að þær hafa þess vegna samsetningu, sem hefur heppileg áhrif á húðina. Það ætti fyrst og fremst að hafa augastað á því sem fyrsta heilsubótarstað Íslands. Eftir tillögu minni hefur herra forstjóri Gísli Sigurbjörnsson með réttu í hyggju að koma upp lítilli baðstöð til eðlisfræðilegra lækninga í Hveragerði. Ég mun sjálfur láta honum eftir eina af best menntuðu hjálparkonum mínum til þess að standa fyrir mænuveikislækningunum.

Að því er framtíð Krýsuvíkur viðvíkur með tilliti til hinna baðfræðilegu rannsókna minna, virðist mér hún fyrst og fremst vera fólgin í stofnun rafstöðvar, sem möguleg er vegna gufu þeirrar, sem er til umráða. Fyrst eftir það mun, með því að byggja á reynslunni frá Hveragerði, verða gengið að því að stofna heilsubótarhæli við Kleifarvatn, en hið heita vatn þess (hælisins) verður að framleiða með því að blanda gufu með köldum sjó.

Þar eð í Krýsuvík sem og á Laugarvatni er nóg gufa til umráða, bæri einnig að athuga, hvort stofna ætti gufubað, sem ynni með hætti yfirhitunar

En það er alveg mjög svo sérstaklega áriðandi, að allar yfirhitunarlækningar, eins og ég hugsa mér þær á Íslandi og eins og ég samkvæmt áskorun ætla að koma þeim á laggirnar að ári í Chile, séu undir stjórn og eftirliti lækna. Af þessari ástæðu flutti ég 4. sept. 1952 samsvarandi erindi fyrir lækna í Landsspítalanum í Reykjavík, og það gladdi mig mjög, ekki einungis að það hófust fjörugar umræður, heldur einnig að menn voru hlynntir öllu yfirhitunarmálinu og notkun hennar til lækninga, sérstaklega við mænuveiki.

Ég vona, að á þennan hátt verði með þessari fyrstu heimsókn minni á Íslandi lagður hornsteinn að framtíðarheilsuhæli fyrir mænuveikislækningar hér á Íslandi, er einnig komi umheiminum að notum.

Ég fullvissa yður um það, hæstvirti ráðherra, að ég mun nær sem er og fúslega stöðugt vera viljugur til vika fyrir yður og alla læknaastéttina hér á Íslandi með öllu þreki mínu og með hinni eðlisfræðilækningalegu, baðfræðilegu og veðurfarslegu þekkingu minni.

Virðingarfyllst

(Undirr.) H. Lampert

(Próf. dr. Lampert).